

62

16. júní

## AUGLÝSING

um staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á viðauka við heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu, nr. 65 frá 1929.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóv. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfestur eftirfarandi viðauki við heilbrigðissamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp nr. 65, 4. júlí 1929, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar.

## 1. gr.

Aftan við 23. gr. heilbrigðissamþykktarinnar bætist:

Óheimilt er að breiða þorskhausa og annan fiskúrgang á tún og óbyggðar lóðir kauptúnsins fyrir neðan línu, er dregin sé beint frá ofanverðri Leirgróf að fiskhúsi Halldórs Jónssonar á Götuhúsakampi og niður að fyrirhugaðri Ægisgötu.

Fiskúrgang, sem notaður er undir þökur, verður að tyrfa strax.

Bannað er með öllu að kasta slori, eða öðrum óhreinindum á bakkann eða í fjöruna frá Presthúsakampi inn að Jaðri, nema þar sem heilbrigðisnefnd ákveður.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dómsmálaráðuneytinu, 16. júní 1932.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Gissur Bergsteinsson.*

63

20. júní

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað frá 22. júní 1927.

4. málsgrein 2. greinar orðist svo:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september skal á laugardögum loka búðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.